

Meistaraverkefni í heilbrigðisvísindum H.A.

**Meistararitgerð
Tímaritsgrein
Fyrirlestur**



**Háskólinn
á Akureyri**

Heilbrigðisvísindasvið

Samþykkt á deildarfundum framhaldsnámsdeildar 2.12, 2010

© Dr. Sigríður Halldórsdóttir, prófessor og deildarformaður heilbrigðisvísindasviðs H.A.
sigridur@unak.is

Lýsing og markmið meistaraverkefna í heilbrigðisvísindum við H.A.

Markmið meistaraverkefnis er að meistaraneiminn öðlist færni í vísindalegum vinnubrögðum. Verkefnið verður að standast strangar kröfur á öllum sviðum. Fylgja skal viðurkenndum vísindalegum rannsóknaraðferðum og fagmannlegum frágangi og verkefnið skal vera sjálfstætt framlag til þekkingarþróunar á fræðasviði sínu. Meistaraverkefnið samanstendur af meistararitgerð (100% einkunnar prófdómara, 90% einkunnar leiðbeinanda), drögum að tímaritsgrein fyrir ritrýnt tímarit (5% einkunnar leiðbeinanda) og fyrirlestri (5% einkunnar leiðbeinanda).

Meistararitgerð

Að jafnaði skal 60 eininga meistararitgerð vera um 20.000 orð, 40 eininga ritgerð skal vera um 15.000 orð. Meistararitgerðir mega vera á íslensku eða ensku. Ritgerðum á ensku skal fylgja útdráttur á íslensku. Skiladagur meistararitgerðar ásamt útdrætti fyrir rannsóknarkynninguna er í síðasta lagi 25. *apríl* á hverju námsári. Meistaraneiminn skilar a.m.k. þremur eintökum til skrifstofustjóra heilbrigðisvísindasviðs, eitt eintakið fer til prófdómara, eitt til leiðbeinanda og eitt til bókasafns. Ef leiðbeinendur/ráðgjafar eru fleiri en einn fjölgar eintökunum sem meistaraneiminn skilar til skrifstofustjóra sem um það nemur. Leiðbeinandi (eða meistaraneiminn) metur meistararitgerðina og skilar rökstuddu álitni til deildarformanns framhaldsnámsdeildar um það hvort veita skuli meistaraneimanum kost á að leggja ritgerð fram sem hluta af meistaragráðu. Þegar meistaraneima hefur verið gefinn kostur á að leggja ritgerð fram skal forseti fræðasviðs tilnefna prófdómara í samráði við deildarformann. Prófdómari gefur einkunn fyrir ritgerðina og skilar henni ásamt skriflegri umsögn í síðasta lagi fyrir 15. *maí* á hverju námsári til umsjónarkennara meistararitgerða sem sér um að skila einkunnum fyrir meistararitgerðir til skrifstofustjóra. Gildir sú einkunn til jafns við einkunn leiðbeinanda (eða meistaraneiminn) sem gefur fyrir allt ferlið (líka tímaritsgreinina og fyrirlesturinn).

Tímaritsgrein

Meistaraneiminn skal skrifa drög að tímaritsgrein á íslensku fyrir ritrýnt tímarit á viðkomandi fræðasviði þar sem hann gerir grein fyrir meistararannsókn sinni. Tímaritsgreinina má skrifa á ensku. Markmið ritunar tímaritsgreinar er að meistaraneiminn öðlist þjálfun í að skrifa tímaritsgrein fyrir ritrýnt tímarit. Nemi velur tímarit í samráði við leiðbeinanda og fylgir leiðbeiningum viðkomandi tímarits. Leiðbeinandi er ætíð meðhöfundur enda tekur hann beinan þátt í rannsókninni og skrifunum í gegnum leiðbeiningar sínar. Ef til birtingar kemur er það samvinnuverkefni leiðbeinanda og meistaraneima. Sérstaklega skal semja um það í upphafi rannsóknarferlisins ef ráðgjafi er meðhöfundur en þá er gert ráð fyrir að ráðgjafi taki drjúgan þátt í rannsóknarvinnunni og leiðsögninni. Drögum að tímaritsgreinin skal skilað í síðasta lagi 21. *maí* á hverju námsári.

Fyrirlestur

Meistaraneiminn skal flytja fyrirlestur á málstofu/ráðstefnu á vegum heilbrigðisvísindasviðs til að kynna rannsóknarniðurstöður sínar. Markmið fyrirlestrarins er að meistaraneiminn öðlist þjálfun í að koma rannsóknarniðurstöðum á framfæri með töluðum orðum og taka við og svara fyrirspurnum. Málstofan/ráðstefnan skal auglýst opinberlega. Leiðbeinandi er alltaf meðhöfundur á öllum opinberum fyrirlesturum þar sem rannsóknin er kynnt, hvort sem um er að ræða innlendar eða erlendar málstofur eða ráðstefnur. Sérstaklega skal um það semja hvort ráðgjafi er einnig meðhöfundur. Fyrirlesturinn er fluttur í síðasta lagi 1. *júní* á hverju námsári.

Innihaldslýsing meistararitgerða í heilbrigðisvísindum

Meistaraneiminn skal styðjast við nýjustu útgáfu *Publication Manual of the American Psychological Association* og nýjustu útgáfu *Gagnfræðakvers fyrir háskólanema við gerð meistararitgerðarinnar*.

Forsíða (*Sjá sniðmát á slóðinni:*). Á forsíðu skal koma fram:

- Háskólinn á Akureyri, Heilbrigðisvísindasvið, merki háskólans.
- Nafn höfundar ásamt prófgráðu.
- Titill ritgerðar og undirtitill ef við á.
- Leiðbeinandi/leiðbeinendur/ráðgjafi ásamt prófgráðu þeirra.
- Prófgráða (ritgerð til meistaraprófs í heilbrigðisvísindum).
- Misseri (haust/vor) og ár, eða mánuður og ár.

Titill rannsóknarinnar. Titillinn skal vera *lýsandi fyrir aðferðina, efnið og þátttakendur*. Oft er miðað við að titillinn sé innan við 18 orð. Titilsíða skal ekki bera númer, allar síður aftan við hana skulu númeraðar með arabískum tölustöfum (1, 2,...) neðst á síðu hægra megin.

Bls. 2 Verkefni þetta er meistaraverkefni til M.S. prófs í heilbrigðisvísindum
Verkefnið vann: (Nafn meistaraneima og undirskrift).

Bls. 3 Það staðfestist hér með að þetta meistaraverkefni fullnægir kröfum til M.S. prófs í heilbrigðisvísindum. (Nafn/nöfn leiðbeinenda/ráðgjafa og prófdómara ásamt undirskrift).

Bls. 4. Má vera gullkorn sem tengist efni rannsóknarinnar. Tilvitnun í bókmenntaverk, þátttakendur eða aðra rannsakendur. Valfrjálst.

Útdráttur á íslensku (ca. 250-300 orð)

Útdrátturinn á að vera stutt samantekt úr öllum helstu köflum rannsóknarverkefnisins:

- a) Bakgrunnur rannsóknarinnar (úr kafla 1 og/eða 2). Ein til tvær málsgreinar.
- b) Tilgangur rannsóknarinnar og rannsóknarspurning/ar.
- c) Aðferðafræðinni lýst í stuttu máli.
- d) Helstu niðurstöður.
- e) Helstu ályktanir sem dregnar eru af niðurstöðum.
- f) Þrjú til fimm lykilorð á íslensku. Miða skal við Medical Subject Heading (MeSh) sjá: <http://www.nlm.nih.gov/mesh/authors.html>

Útdrátturinn er skrifaður í *þátíð*, þar sem hann vísar til vinnu sem þegar hefur verið unninn.

Útdráttur á ensku (ca. 250-300 orð) ásamt lykilorðum á ensku.

Efnisyfirlit

Hafið öll kafla- og undirkaflaheiti með í efnisyfirlitinu.

Yfirlit yfir myndir og töflur.

Þakkarorð til þeirra sem gerðu rannsóknina mögulega, þar með talið þeir sjóðir sem styrkt hafa verkefnið.

Kafli 1 Inngangur

Inngangurinn á að gefa lesandanum glögga mynd af forsendunum rannsóknarinnar og ástæðunum fyrir því að rannsóknin er gerð. Inngangur er yfirleitt að mestu skrifaður í *núttíð*, vegna þess að verið er að vísa til rannsóknarviðfangsefnisins og stöðu mála í upphafi rannsóknarvinnunnar. Tillaga að inngangi hljóðar svo:

Bakgrunnur viðfangsefnis (aðdragandi) - með tilvitnun í helstu heimildir.

Hugmyndafræðilegur rammi (ef við á)

Viðfangsefnið greint. Aðdragandi að því að setja fram tilgang rannsóknar og rannsóknarspurningu. Af hverju þarf að rannsaka þetta? Þessi kafli útskýrir það.

Tilgangur rannsóknar - yfirleitt ein málsgrein.

Rannsóknarspurning - yfirleitt ein málsgrein í eiginlegum rannsóknum, tilgangur rannsóknarinnar settur fram í spurnarformi. Í meginlegum rannsóknum getur tilgangur rannsóknarinnar verið brotinn niður í nokkrar rannsóknarspurningar.

Rökstuðningur varðandi val á rannsóknaraðferð.

Skilgreining meginhugtaka (meginhugtök eru helstu hugtök sem koma fyrir í tilgangi rannsóknar og rannsóknarspurningu). Önnur hugtök sem tengjast rannsóknarverkefninu eru skilgreind í textanum þar sem þau koma fyrst fyrir ef þörf er á.

Takmarkanir rannsóknarinnar.

Kafli 2 Fræðileg umfjöllun viðfangsefnis (undirkaflar eftir skiptingu efnisins)

Útdráttur úr heimildaleit. Hvað hefur verið rannsakað um efnið og hvað kom út úr því? Í þessum kafla þarf að koma skýrt fram hvort verið er að vitna í rannsóknir eða ekki. Ef um rannsókn er að ræða þarf að koma fram í örstuttu máli hvers konar rannsókn það var - fyrst þegar hún er nefnd ásamt tegund rannsóknar, fjölda þátttakenda og helstu niðurstöðum.

Kafli 3 Aðferðafræði

Þessi kafli er að mestu skrifaður í *þátíð*, þar sem verið er að lýsa aðferðinni sem notuð var í rannsókninni. Aðferðafræðinni verður að lýsa það vel að hægt sé að endurtaka rannsóknina. Gott er að hefja þennan kafla á því að skrifa: Til að svara rannsóknarspurningunni var valin ...og svo lýsa því hvaða aðferð var valin. Í þessum kafla þarf a.m.k. að fjalla um eftirfarandi atriði:

Rannsóknaraðferð	
Megindleg	Eiginleg
Rannsóknarsnið	Aðferðafræðin sem notuð var og hugmyndafræðilegur bakgrunnur hennar
Val á þátttakendum (úrtak)	Val á þátttakendum (úrtak). Skilyrði fyrir vali í úrtak og lýsinga á þátttakendum.
Matsaðferðir/breytur (m.a. upplýsingar um próffræðilega eiginleika staðlaðra matsaðferða)	Gagnasöfnunaraðferðir (t.d. viðtöl eða vettvangsathugun). Aðferðinni lýst, kostum hennar og göllum.
Íhlutun (þar sem við á)	Íhlutun (þar sem við á)
Framkvæmd (við gagnaöflun og íhlutun)	Gagnasöfnun, hvernig staðið var að henni
Úrvinnsla gagna	Gagnagreining
	Réttmæti og áreiðanleiki rannsóknarinnar
Siðfræði	Siðfræði

Geta þarf leyfa siðanefndar sem fengið var og frá hvaða siðanefnd. Setja tilvísunarnúmerið inn í textann. Einnig ber að setja inn tilvísunarnúmer um tilkynningu til Persónuverndar.

Kafli 4 Niðurstöður

Setja skal niðurstöður fram á skipulegan og skýran hátt. Þessi kafli er að jafnaði skrifaður í *þátíð*. Gott er að hefja kaflann á því að endurtaka rannsóknarspurninguna og segja frá fjölda þátttakenda. Í eigindlegum rannsóknum fer oft vel á því að svara rannsóknarspurningunni í stuttu máli sem þá verður eins konar inngangur, síðan er rannsóknarspurningunni svarað í lengra máli í öllum kaflanum. Ef notaðar eru töflur eða myndir til að setja fram niðurstöður er mikilvægt að textinn við þær sé svo góður að þær geti staðið einar og sér. Engar umræður eiga við í þessum kafla.

Ef um *megindlega rannsókn* er að ræða er gott að setja niðurstöður fram í töflum, línuritum, stöplaritum, sneiðmyndum og öðru slíku *sjónrænu formi*, ekki bara í orðum. Nota lýsandi tölfræði og ályktunartölfræði eftir því sem við á. Ef sett er fram tilgáta í rannsókninni þarf að koma skýrt fram hvort hún var studd eða henni hafnað.

Ef um *eigindlega rannsókn* er að ræða eru niðurstöður settar fram eftir þeirri aðferð sem notuð er hverju sinni. Gott er að setja niðurstöður fram bæði í sjónrænu formi og með orðum.

Sjá að öðru leyti leiðbeiningar í *APA handbókinni* og *Gagnfræðakverinu*.

Kafli 5 Umfjöllun um niðurstöður rannsóknarinnar Í þessum kafla er *fjallað um* niðurstöðurnar og fyrst sagt frá því sem er markverðast niðurstöðunum. Þá er sagt frá því hvað í fræðilegum ritum styður niðurstöðurnar og hvað er ekki í samræmi við þær. Bæði í eigindlegum og megindlegum rannsóknum er það ákvörðun rannsókanda hvernig fjallað er um niðurstöður og hvernig kaflaskiptingin er. Sumir velja að fjalla um niðurstöður undir sömu kaflaheitum og í niðurstöðukaflanum og gefst það oft vel en er oft ekki vel séð í fræðitímaritum. Aðrir velja að fjalla fyrst um það sem er nýtt í rannsóknarniðurstöðunum, það sem ekki hefur komið fram annars staðar, fjalla síðan um það sem er í ósamræmi við rannsóknarniðurstöður annarra og að lokum um það sem er í samræmi við niðurstöður annarra. Þessi aðferð hentar betur fyrir fræðitímarit. Í umræðukaflanum er gott að fram komi *notagildi rannsóknarinnar*. Jafnframt er gott að koma með tillögur um framtíðarrannsóknir (á þessu tiltekna sviði). Í þessum kafla bætast gjarnan við nýjar heimildir eftir því sem niðurstöður gefa tilefni til. Þessi kafli er að jafnaði skrifaður bæði í *núttíð* (þegar vitnað er í verk annarra, sem er þekking sem er þegar til) og *þátíð* (þegar vitnað er í eigin niðurstöður í rannsókninni). Sjá að öðru leyti leiðbeiningar í *APA handbókinni* og í *Gagnfræðakverinu*.

Kafli 6 Ályktanir og lokaorð Mikilvægt er að draga skýrar ályktanir af niðurstöðum sem fram hafa komið. Gæta skal þess að halda sig eingöngu við þau rannsóknargögn sem kynnt eru í þessari rannsókn. Þessi kafli er að jafnaði skrifaður í *núttíð*.

Heimildaskrá Notið nýjustu útgáfu handbókar APA og Gagnfræðakverið v. heimildaskráningakerfið. Til lokafrágangs telst að lesa ritgerðina vandlega yfir og merkja við í texta og heimildarlista um leið og heimildirnar koma fyrir í rannsóknarskýrslunni. Allar heimildir sem vitnað er til í rannsóknarskýrslunni eiga að vera í heimildaskrá og allar heimildir í heimildaskrá eiga að koma fyrir í rannsóknarskýrslunni.

Fylgiskjöl. Númera þarf öll fylgiskjöl og setja á þau yfirskrift. Í efnisyfirliti komi fram öll fylgiskjöl með ákveðnu heiti. Dæmi um fylgiskjöl: Bréf til Vísindasiðanefndar (ef við á),

endanlegt samþykki frá Vísindasiðanefnd, bréf frá Persónuvernd þar sem fram kemur að rannsóknin hafi verið tilkynnt til Persónuverndar, kynningarbréf til þátttakenda, samþykkisyfirlýsing þátttakenda og viðtalsrammi ef við á.

Uppsetning ritgerðar.

- **Línubil.** Notið 1.5 línubil í allri ritgerðinni.
- **Spássíur** eiga að vera 2.54 cm á öllum jöðrum.
- **Pappír.** Ritgerðinni skal skilað á 80/100 gm gæðapappír
- **Frágangur.** Ritgerðin skal heft eða límd í kjölinn og vera 17x24 cm að stærð.
- **Letur og leturstærð** skal vera Times eða Times New Roman 12pt.
- **Texti við töflur** eru fyrir *ofan* töfluna. Dæmi:
Tafla 1.
Lýsing á þátttakendum (ekki punktur eftir textann)
- **Texti við myndir** eru fyrir *neðan* myndina. Dæmi:
Mynd 1.
Samanburður á reykingum eftir fagstéttum (ekki punktur eftir textann).
- **Fyrirsagnir.** Notið eftirfarandi hátt á fyrirsögnum:

Aðferðafræði

(1. stig. Kaflaheiti, lágstafir, miðjað og feitletrað, leturstærð 14).

Val á rannsóknaraðferð

(2. Stig. Vinstri jafnað og feitletrað)

Textinn heldur áfram fyrir neðan fyrirsögnina)

3. Stig. Inndregið og feitletrað. Texti heldur áfram fyrir aftan punkt.

4. stig. *Inndregið og skáletrað, ekki feitletrað.* Texti heldur áfram fyrir aftan punkt.

Ekki er gert ráð fyrir fleiri en fjórum stigum.

Munið:

- Að samræmi sé milli heimilda sem nefndar eru í ritgerðinni og þeirra sem nefndar eru í heimildaskrá. Gerið þetta öðru hvoru og látið þetta vera eitt af síðustu verkunum í lokin.
- Að hafa samræmi á bilum milli fyrirsagna og texta (fyrir og eftir). Gott er að fara í Page Layout og skoða Spacing: Before and After.
- Að alls staðar sé vitnað í *töflur* og *myndir* í texta ritgerðarinnar.
- Að rannsóknarspurningin sé alls staðar eins orðuð.
- Hafa sem minnst af texta innan sviga. Spyrja ætíð: „er þessi svigi nauðsynlegur“?

Matsgrundvöllur fyrir meistaraverkefni– Gátlisti

Námsþáttur	Matsgrundvöllur
1. Veita bakgrunnsupplýsingar (inngangur)	Bakgrunnur viðfangsefnisins er vel kynntur og gefur lesandanum glögga mynd af forsendum verkefnisins. -Góður inngangur, öllum helstu þáttum gjörð góð skil
2. Setja fram rannsóknarspurningu	Rannsóknarspurningin er: <ul style="list-style-type: none"> • skýrt fram sett • verðug • raunhæf
3. Framkvæma lesefnisleit og gera samantekt. Finna heimildir á því sviði sem markast af rannsóknarspurningunni og gera heimildasamantekt.	<ul style="list-style-type: none"> • Gott yfirlit yfir það sem vitað er um þetta svið • Gott yfirlit yfir það sem ekki er vitað um þetta svið • Rannsóknir eru kynntar aðferðafræðilega fyrst þegar þær eru nefndar
4. Fjalla um rannsóknaraðferðina, gagnasöfnunaraðferðina og siðfræðileg álitamál	<ul style="list-style-type: none"> • Nemi sýnir skilning á forsendum rannsóknaraðferðarinnar • Nemi sýnir skilning á rannsóknaraðferðinni, styrkleikum hennar og takmörkunum • Nemi skýrir nægilega vel frá aðferðafræðinni • Nemi sýnir skilning á gagnasöfnunaraðferðinni • Nemi sýnir skilning á siðfræðilegum þáttum rannsóknarinnar og hefur lagt sitt að mörkum til að vernda viðmælendur • Nemi fjallar um réttmæti og áreiðanleika og skýrir hvernig hann stóð að því að auka réttmæti og áreiðanleik í eigin rannsókn
5. Setja fram niðurstöður	Niðurstöður eru skýrt fram settar og í samræmi við aðferðafræðina.
6. Fjalla um niðurstöður	<ul style="list-style-type: none"> • Nemi endurtekur ekki niðurstöður heldur fjallar um þær niðurstöður sem þegar hafa verið kynntar. • Skýrt kemur fram það sem er athyglisverðast í niðurstöðunum, hvað er nýtt, hvað er í mótsögn við það sem aðrir hafa haldið fram og hvað er í samræmi við það sem aðrir hafa skrifað.
7. Fjalla um notagildi rannsóknarinnar	Notagildi rannsóknarinnar fyrir heilbrigðisvísindi, kennslu, rannsóknir og stjórnun innan heilbrigðisvísinda kemur skýrt fram
8. Setja fram tillögur að framtíðarrannsóknum	Tillögurnar eru raunhæfar og eðlilegt framhald af þessari rannsókn
9. Heildaráhrif af rannsóknarskýrslunni	Hér er metinn frágangur, fræðileg framsetning, greinandi, gagnrýnin og skapandi hugsun, meðhöndlun heimilda, heimildarlisti, uppsetning, málfar, stafsetning o.fl.

Einkunnagjöf í meistaranámi

Fullkomin ritgerð 10.0 (9.5-10.0)

Ferillinn allur og ritgerðin sjálf eru eiginlega mikið betri en nokkurn tíma væri gerð krafa til. Nemendur þurfa nánast enga leiðsögn en það litla sem þeir fá nýta þeir til að gera mun betur en krafa er gerð til. Hvert sem litið er blasir við fullkomnun. [Svona ritgerð kemur ef til vill á 10-20 ára fresti].

Framúrskarandi ritgerð 9.0 (8.5-9.4)

Ferillinn allur og ritgerðin sjálf eru alveg framúrskarandi. Hvergi er hnökra að finna. Allir kaflar framúrskarandi - hvergi veikir hlekkur. Nemendur þurfa mjög litla leiðsögn en vinna mjög vel úr allri leiðsögn. Allt er framúrskarandi þótt það sé ef til vill ekki alveg fullkomið. Framúrskarandi nemendur geta náð þessum árangri með mikilli vinnu og samviskusemi. Nemendur sýna framúrskarandi greiningahæfileika og nýta þá vel. Inngangurinn er geysivel saminn og fylgt eftir með skýrum og vel völdum fyrirsögnum í gegnum alla ritgerðina. Verkefnið er allt afar vel skipulagt og heimildanotkun og heimildaskráning er framúrskarandi. Öllum innihaldsatriðum gerð skínandi góð skil. Uppbygging verkefnisins er framúrskarandi og nemendur hafa algjört vald á efninu – ‘eiga’ textann en vísa þegar við á í heimildir. Verkefnið skarar fram úr á allan hátt og er mjög áhugahvetjandi yfirlestrar, í því kemur fram margt nýtt og nemendur sýna mjög skapandi og ferska hugsun byggða á traustri fræðilegri þekkingu og reynslu. Gagnrýni er hnitmiðuð, yfirveguð og ábyrg. Innsæi nemenda kemur oft á óvart og verkefnið er tímamælalaust mikilsvert framlag til heilbrigðisvísinda.

Mjög góð ritgerð 8.0 (7.5-8.4)

Ferillinn allur og ritgerðin sjálf eru mjög góð. Það hafa ef til vill verið nokkrir hnökrar á veginum en þó er allt óaðfinnsluvert í sjálfu sér í ritgerðinni eins og hún lítur út núna. Ef nemendur hafa þurft einhverja hjálp hafa þeir yfirleitt unnið mjög vel úr henni. Verkefnið er vel skipulagt, skýrt og hnitmiðuð. Allar fyrirsagnir eru vel hugsaðar og verkefnið í heild sinni nemendum til sóma. Það er gott jafnvægi í ritgerðinni sem sýnir að nemendur hafa góða greiningarhæfileika og geta nýtt sér þá til að meta hvað á að fjalla um, í hversu mikilli dýpt og í hversu mikilli breidd, hversu mörg þemu á að taka til umfjöllunar í hverju tilviki og hversu mikið á að fjalla um hvert þema. Það er gott flæði í ritgerðinni og málsgreinaskipan með ágætum. Tenging er mjög góð í ritgerðinni og öll umræða er málefnaleg, skýr og endar í eigin ályktun. Sjálfstæð, ábyrg afstaða er tekin til efnisins í gegnum alla ritgerðina. Heimildaskráning og heimildalisti eru fagmannlega gerð og frágangur er mjög góður. Mjög góð ritgerð og fagmannleg á allan hátt án þess í sjálfu sér að vera framúrskarandi.

Góð ritgerð 7.0 (6.5-7.4)

Ferillinn allur og ritgerðin sjálf eru góð, en gera hefði mátt betur. Það eru enn vissir veikleikar í ritgerðinni þótt þeir séu ekki miklir. Ef nemendur hafa þurft nokkuð mikla hjálp þá hafa þeir einhvern veginn ekki unnið nógu vel úr ýmsu sem þeim hefur verið bent á. Ritgerðin er sannarlega meira en fullnægjandi (5.0), hún er góð, í henni er margt vel gert. Nemendur eiga marga góða spretti t.d. er efnisuppbygging skýr og efnissöfnun er með ágætum, verkefnið byrjar með skýrum inngangi og endar með góðum lokaorðum. Verkefnið hefur komist hærra en það að vera allt á lýsandi plani, raunveruleg greining á sér stað en nær ekki þeirri dýpt sem sýnileg er í mjög góðum og framúrskarandi ritgerðum. Málsgreinar eru yfirleitt góðar og tilvísanir í heimildir eru yfirleitt fagmannlegar. Gagnrýni er mjög varkár og

ekki alltaf nógu vel undirbyggð en nemendur eru vel lesnir og leggja sig fram. Góð ritgerð er að mörgu leyti fagmannleg en veikustu hlekkirnir draga hana nokkuð niður.

Þokkaleg ritgerð 6.0 (5.5-6.4)

Ferillinn allur og ritgerðin sjálf eru þokkaleg en margt hefði mátt gera betur. Það eru nokkuð margir veikleikar á ritgerðinni eins og hún er í endanlegri mynd. Ef nemendur hafa þurft mikla hjálp hafa þeir alls ekki unnið eins vel og skyldi úr ráðleggingum leiðbeinanda. Ritgerðin er hins vegar meira en fullnægjandi því nemendur hafa lesið sig nokkuð vel til, nota hugtök réttilega, sýna þokkalegan skilning á efninu og koma efninu þokkalega frá sér. Efnisuppbygging og efnistöð er nokkuð góð, inngangur er fullnægjandi og millifyrirsagnir nokkuð vel hugsaðar svo og lokaorð. Eftir því sem ritgerðin er meira yfir 6.0 (6.0-6.4) er skýrari efnisuppbygging og efnistöð þéttari. Heimildaskráning og heimildalisti eru fullnægjandi.

Fullnægjandi ritgerð 5.0 (4.5-5.4)

Ferillinn allur og ritgerðin sjálf eru fullnægjandi en mjög mörgu er ábótavant. Nemendur hafa þurft meiri hjálp en eðlilegt er og afraksturinn er ekki nógu góður þótt hann teljist fullnægjandi. Nemendur virðast hafa misskilið ýmislegt af þeirri ráðgjöf er þeir hafa hlotið og afraksturinn er ritgerð á hálfgerðum brauðfótum. Uppbygging verkefnisins og útfærsla teljast þó fullnægjandi, svo og tenging við fræðilegt efni. Þá eru heimildaskráning og heimildalisti fullnægjandi. Röksemdafærsla kann að vera nokkuð ábótavant. Öll umræða er lýsandi án þess að reynt sé að greina hlutina og færa í fræðilegt samhengi. Það sem kemur frá nemendum sjálfum skortir dýpt.

Ófullnægjandi ritgerð. Einkunn undir 5 (0-4.5)

Verkefnið er ófullnægjandi að einhverju leyti t.d. heimildasöfnun, úrvinnsla heimilda, heimildaskráningu eða öðrum þeim þáttum sem metnir eru. Uppbygging verkefnisins er óskýr og röksemdafærsla ófullnægjandi. Umræðan er að mestu leyti lýsandi án nokkurra tilburða til greiningar og samþættingar. Tenging við fræðilegt efni er ófullnægjandi og ekki tekin sjálfstæð ábyrg afstaða til efnisins. Þótt verkefnið teljist ófullnægjandi þýðir það ekki að einhverjir þættir þess séu ekki fullnægjandi. Verkefni er aldrei sterkara en veikasti hlekkurinn. Ef einhver mikilsverður þáttur verkefnisins er ófullnægjandi t.d. heiðarleiki í heimildaskráningu, telst verkefnið einfaldlega ófullnægjandi. Hægt er að gefa frá 0-4 eftir því hversu ófullnægjandi verkefnið er.

Meistaraverkefni í heilbrigðisvísindum Hvar liggja mörkin? – Gátlisti

1. **INNGANGUR.** Er inngangur fullnægjandi? Koma tilgangur rannsóknarinnar og rannsóknarspurning(ar) í rökréttu framhaldi af inngangi? Er inngangur nægjanlega þéttur og nægjanlega studdur af rannsóknum?
2. **TILGANGUR RANNSÓKNAR OG RANNSÓKNARSPURNING(AR).** Er tilgangur rannsóknar og rannsóknarspurning(ar) verðug, raunhæf og skýrt fram sett?
3. **AÐFERÐAFRÆÐIN.**
 - a. Kemur fram *skilningur* á forsendum rannsóknaraðferðarinnar og skilningur á rannsóknaraðferðinni sjálfri, styrkleikum hennar og takmörkunum? Er nokkuð megindlegt orðfæri í eigindlegri rannsókn eða öfugt?
 - b. Er rannsóknaraðferðin í *samræmi* við rannsóknarspurninguna?
 - c. Er *lýsingin* á aðferðafræðinni fullnægjandi?
 - d. Kemur fram skilningur á *gagnasöfnunaraðferðinni*? Er gagnasöfnunin fullnægjandi? (t.d. metttun í eigindlegri rannsókn?). Er gagnasöfnuninni nægjanlega vel lýst?
 - e. Er *gagnagreiningin* fullnægjandi og nægjanlega vel lýst?
 - f. Er fjallað um *réttmæti og áreiðanleika* rannsóknarverkefnisins (eigindlegt) eða mælitækjanna (megindlegt).
 - g. Kemur fram skilningur á *siðfræðilegum þáttum* í tengslum við rannsóknarverkefnið? Kemur fram hvað nemi gerði til að vernda þátttakendur siðfræðilega?
4. **NIÐURSTÖÐUR.** Eru meginniðurstöður rannsóknarinnar skýrt fram settar og í samræmi við rannsóknaraðferðina og tilgang rannsóknarinnar? Er rannsóknarspurningunni svarað?
5. **UMFJÖLLUN UM NIÐURSTÖÐUR.**
 - a. Kemur skýrt fram í umfjöllun um niðurstöður hvað er athyglisverðast í niðurstöðunum, hvað er nýtt og hvað er í mótsögn við það sem aðrir hafa skrifað?
 - b. Eru dregnar *skýrar ályktanir* af niðurstöðum og eru ályktanir nægjanlega varkárar?
 - c. Er rætt um *notagildi* rannsóknarinnar?
6. **HEIMILDASKRÁNING.** Er *heimildaskráning* í lagi og *heimildalisti* nákvæmur?
7. **FRAMSETNING OG FRÁGANGUR.** Er *framsetning* og *frágangur* í lagi? Koma allar upplýsingar fram á forsíðu? Er gott efnisyfirlit? Ritvillur hverfandi?
8. **HEILDARMAT Á VERKEFNINU:** Er ritgerðin röklega uppbyggð og gott samhengi milli allra þátta ritgerðarinnar?